

# HEIMASÍÐA HEIMSÁLFANNA

Hópaverkefni

Þið ætlið að setja upp ykkar  
eigin heimasíðu.



Munið að hafa  
heimildaskrá  
sem eina  
undirsíðu á  
heimasíðunni.

## Um hverja heimsálfu þarf að koma fram:

- *Lönd, höfuðborg og fáni.* Finnið til öll lönd sem tilheyra heimsálfunni, bæði sjálfstæð og ósjálfstæð, nefnið höfuðborgir þeirra og setjið inn mynd af fánum.
- *Stærsta, hæsta, lengsta.* Finnið og skrifið upplýsingar um hverja heimsálfu sem tilheyra þessum lýsingarorðum. Til dæmis hæsti tindur, lengsta fljót og stærsta vatn (Þessar upplýsingar getið þið t.d. fundið í kennslubókinni *Um víða veröld*).
- *Vinsælast.* Finnið til a.m.k. fimm vinsæla ferðamannastaði í hverri heimsálfu. Skrifið um staðina og segið frá hvað er svona merkilegt við þá og hvað er það sem dregur ferðamenn á þessa staði.
- 

## Forsíðan

Lesið ykkur til um heimsálfurnar og horfið á þessi myndbönd. Upplýsingar finnið þið t.d. á veraldarvefnum og í kennslubókinni *Um víða veröld, heimsálfur* bls. 6 - 16.

Finnið upplýsingar um heimsálfurnar og setjið saman í einn texta. Setjið textann fallega upp á forsíðuna ykkar. Munið að skrá heimildir inn á heimildaskrána.

Næst finnið þið inn á veraldarvefnum lýsandi mynd af heimsálfunum og setjið inn á forsíðuna.

Leikið ykkur að setja upp flotta forsíðu með því að setja inn myndir, myndbönd, breyta lettri og þema, sjá myndband HÉR.

## Afurð: Heimasíðugerð með google (sites)

### Viðmið um árangur:

- Ég get búið til heimasíðu.
- Ég get sett hana skipulega upp.
- Ég get fundið aðalatriði í texta.
- Ég veit hverjar heimsálfurnar eru.

### Hæfniviðmið:

#### Að nemandi geti:

- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- Nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar.
- Notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um.
- Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla,

